

Stjórnarfundur FKA #3

Starfsár: 2023-2024

Staður: TEAMS

Dagsetning: 06.09.2023

Tími: 12:00 – 13:30

Mættar: Andrea Ýr Jónsdóttir (AÝJ), Erla Björg Eyjólfsdóttir (EBE), Guðrún Gunnarsdóttir (GG), Helga Björg Steinpórsdóttir (HBS), Inga Salóme Sigurðardóttir (ISS), Unnur Elva Arnardóttir (UEA) ásamt framkvæmdarstjóra FKA, Andreu Róberts (AR).

Forföll boðuðu: Dóra Eyland (DE), Bergrún Lilja Sigurjónsdóttir (BLS), Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir (GHJ), Grace Achieng (GA),

Dagskrá fundar:

12:00-12:10	1	Opnun – einn stuttur hringur Stjórnarkonur segja frá hvað þær eru að gera og á hvaða viðburði FKA þær eru skráðar.
12.10 – 12.25	2	Skýrsla framkvæmdastjóra – fjárhagur, skipuritið og viðburðir (AR) AR ræðir bankamál og sýnir yfirlit úr heimabanka. Margrét Ingþórsdóttir hjá Mundakoti er að skoða fjármál landsbyggðadeilda. Farið yfir greidd félagsgjöld. Konur skráðar úr FKA sem hafa ekki greitt félagsgjöld í 2 ár. Vikan - sérblað - þriðja æviskeiðið. ISS vinnur þetta verkefni með AR. Allar félagsskonur fengu markpóst um auglýsingapláss í blaðinu. FKA fær mikla umfjöllun þ.á.m. heilsíðu viðtal við formann. Þökkum þeim sem ruddu brautina. Farið yfir störf deilda og nefnda. Mikil ánægja með Opnunarviðburð FKA í Landsbankanum. Keyptir voru bannerar og stand fyrir streymi. Fundur með formönnum deilda var ekki vel sóttur en þar var gott samtal.
12:25-12:30	3	Bókhaldið - samningur við Mundakot og fé landsbyggðadeilda (IS + UEA) Beðið eftir pósti frá Mundakoti en þau vilja breyta núverandi samningi. Tillaga um að fjármagn landsbyggðadeilda FKA fyrnist ekki þegar tímabilið klárast eins og hefur verið. Prufutími í 2 ár. Þá geta deildinar safnað fyrir stærri viðburðum, eins og Landsbyggðaráðstefnu. Þessi tillaga var samþykkt af öllum viðstöddum.

12:30-12:40	4	FKA Framtíð Óska eftir niðurgreiðslu félagsgjalda fyrir stjórn FKA Framtíðar. Aðalstjórn ræddi það hjá sér á fyrsta fundi og felldi og því ákveðið að fella þessa tillögu. Óska eftir að finna eigin styrktaraðila fyrir FKA Framtíð. Hugmynd kom upp að útbúa skjal með þeim fyrirtækjum sem styrkja FKA viðburði, og einnig þeir sem neita þátttöku, þannig það sé ekki verið að tala ítrekað við sömu aðila. Þar væri möguleiki fyrir hverja deild að skrá sína megin styrktaraðila. Tillaga um sér styrktaraðila FKA Framtíðar var felld. FKA Framtíð óskar eftir 50% félagsgjalda kvenna sem eru skráðar í FKA Framtíð. Flókið mál þar sem markmiðið er að hafa verklag þar sem það sama gildir fyrir alla. Félagskonur FKA eru oft í mörgum deildum, landsbyggðadeild o.fl. og því erfitt að réttlæta þessa tillögu. Hugmynd kom um að lækka félagsgjöld þeirra kvenna sem eru undir 30 ára (verður tekið upp á næsta stjórnarfundum). Tillaga felld.
12:40-12:50	5	Auglýsa sýnileikadagsnefnd í október og funda með SÝN + Arion (AR/BI) Auglýst verður eftir félagskonum í sýnileikanefnd í október.
12:50-12:55	6	Kvennaverkfall (AÝJ) Þarf að taka ákvörðun um hvort FKA muni styðja málstaðinn formlega. Hefur áður reynst ágreiningsmál þegar FKA tekur pólitískar ákvarðanir. Ætti FKA að skrifa stuðningsyfirlýsingu eða segjast ekki geta gert það formlega en ætla að styðja málstaðinn með öðrum leiðum. AÝJ mun tala við Ástu Dís í Jafnvægisvuginni og biðja um hennar álit. Mál ekki afgreitt á fundi.
12:55-13:05	7	Íslandsbanki (GA) GA fjarverandi og AR fer því yfir. FKA New Icelanders búnar að skipuleggja dagskrá og viðburði með Íslandsbanka. Málið geymt.
13:05-13:10	8	Viðurkenningarhátíð – sérblað, streymið og ofl. + staðsetning (AR) AR og AÝJ fóru á TEAMS fund með Árvakri sem var mjög jálvæður. Fáum svör um samstarf í lok þessarar viku.
13:10-13:15	9	25 ára FKA 2024 - bóka stað strax - auglýsa nefnd - önnur praktík s.s. Hillary til Íslands? (UEA) AR fer að auglýsa eftir félagskonum í 25 ára afmælisnefnd.

13:15-13:20	10	Jafnvægisvugin staðan (AR) Jafnvægisvugin gengur mjög vel. <i>Jafnrétti er ákvörðun, við töpum öll á einsleitni.</i> Arftakaáætlun með jafnrétti í huga, hver tekur við af hverjum. Auglýsingar fara bráðum af stað. Skrifaðar verða greinar. Rætt um hugmyndir að fundarstjóra ráðstefnunnar 12. okt.
13:20-13:30	11	Önnur mál a) Viðburðir framundan. Rætt hvaða stjórnarkonur mæta hvert. Mikilvægt að einhver stjórnarkona mæti á alla viðburði FKA. b) Opnunarviðburðir og aðrir viðburðir sem hafa farið fram (AR-UEA) Samtal um að sameina þessu stærstu viðburði eins og opnunarviðburð og jólarölt. c) Ósk frá Deildum að fá að vera með meira en sýn á banka reikning sinn, vilja geta greitt smávægilegar upphæðir (UEA) Tillaga um að deildir megi kaupa fyrir litlar fjárhæðir án þess að biðja um leyfi. Samþykkt ef nóta með kennitölu berst AR við greiðslu og hámark fjárhæðar er 15.000kr. Prufutími í 6 mánuði. d) Aðalfundur (AR) Samþykkt að halda aðalfund FKA 15. maí 2024. Skoðað verður húsnaði um jólin en ræddar voru hugmyndir. e) Jólin 2023 (UEA) AR er að reyna að fá deildir til að sameinast í viðburðum um jólin svo að dagskráin verði ekki of þétt og mikil. Minnt á fund með landsbyggðadeildum sem verður næsta mánudag og stjórnarkonur hvattar til að mæta.

Fundargerð ritaði Andrea Ýr Jónsdóttir